

## Minnisblað

Dagsetning: 29.09.2023

Höfundar: Magnús Barðdal Reynisson

Viðtakandi: Stjórn SSNV

### Efni: Sameiginlegur rekstur Skíðasvæðis í Tindastól

Skíðadeild Tindastóls sendi bréf á sveitarstjóra á Norðurlandi vestra þann xxxxxx þar sem opnað var á umræðu um aðkomu allra sveitarfélaga að rekstri skíðasvæðisins í Tindastól.

Í beinu framhaldi höfðu forsvarsmenn skíðadeildar samband við SSNV og óskuðu eftir aðstoð við að nálgast sveitarfélögin. SSNV tók vel í erindið og mætti fulltrúi samtakanna m.a. á aðalfund skíðadeildar til að ræða verkefnið og fá frekari upplýsingar um rekstur skíðadeildarinnar. Þá var einnig fundað með stjórn skíðadeildar í framhaldi af aðalfundi og útfærðar voru tillögur um hugsanlega rekstrarfyrirkomulagi.

Tillögurnar voru settar upp í glærुकynningu og stendur til að senda áfram á sveitastjóra, til kynningar fyrir sveitastjórn. Þó skal lögð áhersla á að hér er eingöngu um tillögur/hugmynd að útfærslu að ræða. Skíðadeild er mjög opin fyrir allri umræðu hvað þetta varðar.

#### Helstu atriði sem fram koma í tillögunum eru eftirfarandi:

- Horft er til þess að verkefnið verði í 1 ár til að byrja með. Ef vilji er til að halda samstarfi áfram er rétt að horfa til þess að stofna byggðasamlag.
- Stíga skrefið og gera skíðasvæðið í Tindastóli að sameiginlegu skíðasvæði allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
- Tillögur voru settar fram um að íbúar sveitarfélaga sem koma að rekstrinum njóti m.a. eftirfarandi:
  - Frítt fyrir börn 10 ára og yngri í fjallið
  - Gjaldfrjáls skíða- og brettakennsla í skíðaskóla með skíðadiskó
  - Gjaldfrjáls skíðadagur í fjallinu (mögulega tengt vetrarfríi)
  - Fjölskyldudagur í fjallinu, trúbador, jólasveinar, páskaeggjaleit o.fl.
  - Skólahópar boðnir velkomnir fyrir lægra verð

#### Tillaga að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga:

- Stjórn með fulltrúa úr öllum sveitarfélögum
- Framlag sveitarfélaga ræðst af fjölda íbúa
- Fjárhæðin byggir á framlagi frá Skagafirði eins og það er í dag

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa	Framlag per íbúa	Samtals framlag
Skagafjörður	4284	4.085	17.500.000
Húnaþing vestra	1247	4.085	5.093.995
Húnabyggð	1301	4.085	5.314.585
Skagabyggð	88	4.085	359.480
Skagaströnd	480	4.085	1.960.800
		Samtals	30.228.860

## Lýðheilsukort Norðurlands vestra

- Vetrarpassi í Tindastól fyrir alla fjölskylduna
- Árskort í allar sundlaugar á Norðurlandi vestra
- Tekjur af korti skiptast á milli skíðadeildar og sveitarfélaga

Nánar um kortið:

- Fyrirmynd frá Akureyri
- Eflir áherslur um heilsueflandi sveitarfélög
- Styrkir svæðið sem spennandi búsetukost
- Tilraunaverkefni til 1 árs

Hér má sjá verðskrá á kortinu frá Akureyri sem einnig innifelur ársmiða í skautahöll:

### × Verðskrá lýðheilsukorta

Fyrir lýðheilsukortið er greitt eitt mánaðargjald með 12 mánaða binditíma og um fjögur mismunandi lýðheilsutilboð er að ræða:

- 1) Tveir foreldrar og barn/börn (17 ára og yngri), gjaldið er 7.900 kr. á mánuði í 12 mánuði, samtals 94.800 kr. á fjölskyldu á ári.
- 2) Eitt foreldri og barn/börn (17 ára og yngri), gjaldið er 4.900 kr. á mánuði í 12 mánuði, samtals 58.800 kr. á fjölskyldu á ári.
- 3) Öryrki og barn/börn (17 ára og yngri), gjaldið er 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði, samtals 24.000 kr. á fjölskyldu á ári\*
- 4) Eldri borgari (67 ára og eldri), gjaldið er 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði, samtals 24.000 kr. á einstakling á ári.

\*Vakin er athygli á því að það er frítt í sundlaugar Akureyrarbæjar og Skautahöllina á Akureyri fyrir öryrkja.

Vakin er athygli á því að ef viðkomandi á ekki nú þegar skidata-kort þá þarf að kaupa það sérstaklega. Skidata-kort kostar 1.100 kr. á hvern einstakling.

Umsækjandi getur valið á milli tveggja greiðsluleiða:

- 1) Mánaðarleg krafa myndast í heimabanka næstu 12 mánuði.

**TEKIÐ AF VEF  
AKUREYRABÆJAR**

Virðingafyllst f.h. SSNV

Magnús Barðdal Reynisson